Hestamannafélagið Borgfirðingur

Aðalfundur 12. Nóvember 2026

Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri, stjórnarfólk, góðir félagar. Ég mun nú flytja ykkur skýrslu stjórnar hestamannafélagsins fyrir síðasta starfsá, eða frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 25. Nóvember s.l. Fer ég hér væntanlega um víðan völl og ekki endilega í réttri tímaröð. Eins er nokkuð víst að einhverju verður að engu getið.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn hafa skipað, auk mín þau Heiða Dís Fjeldsteð varaformaður, Elisabert Ýr Mobeth Egilsdóttir ritari, Þorsteinn Oddur Hjaltason gjaldkeri og Ísólfur Ólafsson meðstjórnandi. Í varastjórn hafa setið Sigríður Ása Guðmundsdóttir, Þórdís Fjeldsteð og Valdimar Reynisson. Og hafa verið haldnir 9 bókaðir fundir á árinu. En eins og þið vitið var lögum breytt á síðasta aðalfundi þannig að aðalstjórn skipa fimm manns og svo eru þrír varamenn. Að mínu mati hefur þetta komið vel út, en ég hef nokkra reynslu af fyrra fyrirkomulagi. Hins vegar hafa varamenn setið þá fundi sem þeir hafa haft tök á , en fundarboð hafa farið til allra.

Starfsemi vetrarins – KB mótaröðin, kvennatölt, grímutölt námskeið

Líkt og undafarin ár var KB mótaröðin haldin. Samanstóð röðin af þremur keppnisdögum og var keppt í hefðbundnum innanhússgreinum, Að þessu sinni var boðið upp á liðakeppni og tóku nokkur lið þátt auk þess sem knapar gátu tekið þátt sem einstaklingar. Við þurfum að halda í þessa sértöðu KB mótaraðar að hver sem er geti skráð sig til keppni. Erum við líklega eitt fárra félaga sem bjóða upp á þann kost í mótaröðum innanlands og okkur ber að vernda það.

Viðburðir – kótilettukvöld,

Skemmtinefndin stóð fyrir kótilettukvöldi í mars. Að þessu sinni var ekki margt um manninn en þó nóg til þess að atbuðurinn var haldinn. Var þetta hin skemmtilegasta stund. Eins stóð nefndin fyrir reið frá Hvanneyri hingað í Borgarnes föstudaginn langa – töluverður fjöldi tók þátt í þeim viðburði.

Reiðhallarball

Eitt af skemmtilegri verkefnum ársins var satt að segja reiðhallarballið – Eins og áður nutum við góðrar aðstoðar Þórdísar og Sissa við útvegun hljómsveitar enda margreynd í því hlutverki. Að þessu sinni sóttu Greifarnir okkur heim en þeir voru að koma saman í fyrsta sinn eftir 30 ár og var þeirra fyrsta sveitaballagigg hér í Faxaborg. Var ballið vel sótt miðað við að markhópurinn var nú ekki vel kunnugur hljómsveitinni enda fæst fædd þegar þeir voru upp á sitt besta. En þarna var mikið fjör og tóku gestir vel undir með hljómsveitinni. Eins voru seldir grillaðir hamborgarar og seldust þeir vel. Ámundi, Eyþór, Alda og Reynir stóðu þar í stafni, ásamt fleirum og gerðu gott mót. Við tókum nokkra áhættu með því að leigja ekki salernisvagn líkt og gert hefur verið mörg undanfarin ár. Ákveðið var að nota salernin í húsinu og gekk það alveg upp, þau þoldu vel álagið, sjaldnast biðröð, og engin vandræði hlutust af en vel var passað upp á það að allt færi þar vel fram. Með þessu spöruðum við 400 þús. kr. Leigu á salernum, munar um minna. Held ég að allir hafi skemmt sér vel og ekki var um óeðlilega ölvun gesta að ræða. Um tuttugu félagar komu að framkvæmdinni og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Firmakeppni

Upp var vakinn sá gamli siður að halda firmakeppnina þann 1. Maí. Þátttaka var allgóð og var keppt í hefðbundnum flokkum firmakeppni. Safnaðist nokkuð fé á þessu móti og eru fyrirtækjum og einstaklingum færðar þakkir fyrir. Farin var sú leið að fara fram á lága fjárhæð frá þeim fyrirtækjum

sem haft var samband við og gekk það bara vel. Að lokinni keppninni var Pálínuboð í félagsheimilinu og tókst það vel og var boðið upp á frábærar og fjölbreyttar veitingar. Vonandi komið til að vera.

Faxaborg

Á síðasta aðalfundi var gjaldtöku fyrir Faxaborg breytt á þann hátt að notkun var innifalin í félagsgjöldum eftir kl. 16 á daginn og um helgar. Var árgjaldið hækkað nokkuð vegna þessa. Fyrir fullan aðgang var svo greitt sérstaklega hóflegt árgjald. Sérstaklega má það teljast hóflegt fyrir þá sem hafa að atvinnu sinni að temja og þjálfa hross. Hvet ég sérstaklega þá notendur sem orðnir eru gjaldfríir í félaginu að kaupa amk hálfs árs aðgang. Töluvert var um mótahald og viðburði frá febrúar fram í April, Vesturlandsdeildin, KB mótaröðin , töltkeppnir og leikjamót, svo var nokkuð um námskeiðahald og ein sýnikennsla var haldin. Aðalfjáröflunin var þó ballið sem ég hef nú þegar talað um. Lengi hefur staðið til að byggt verði anddyri við Faxaborg – nú hillir undir það að allt sé orðið klárt svo hægt sé að hefja verkið – Það fer svo eftir veðri hvort hægt er að fara í verkið núna fyrir jól. Ólar Pétursson hefur hannað húsið og gefur hann sína vinnu við teikningar til félagsins. Þökkum við það kærlega.

Sumarmót

Við héldum tvö sumarmót, auk úrtökunnar fyrir LH. Íþróttamót sem tók yfir tvo daga og svo gæðingamót sem rann í gegn á einum degi, tókust bæði mótin vel og náðist góður árangur. Við höfum rækilega rekist á það að erfitt hefur verið að fá fólk til starfa á mótum fyrir félagið og var mótahald t.d. keyrt áfram af sömu starfsmönnum og oft undirmannað.

Landsmótið

Landsmótið var haldið á Hólum í júlí eins og allir vita. Þangað sendum við keppendur í alla flokka, Úrtakan var sameiginleg með Snæfellingi nokkru áður. En enginn getur farið á landsmót án þess að

fara í gegn um úrtöku, jafnvel þótt sætin séu ekki fyllt. Keppendum okkar gekk vel og voru nokkrir í úrslitum A eða B á laugardag, sem var síðasti dagur mótsins. Mótið þótti takast vel og voru flestir ef ekki allir ánægðir með það.

Landsliðsknapar

Tveir knapar úr okkar röðum voru valin í landsliðshóp Íslands, Flosi Ólafsson í edra landsliðið og Kristín Eir Hauksdóttir Holaker í það yngra. Hún tók í kjölfarið þátt í Norðurlandamótinu í sumar og stóð sig vel. Næsta ár verður heimsmeistaramótið haldið í Þýskalandi og þá vonum við auðvitað að þau verði valin til leiks en um sætin er hart barist Fylgja þeim góðar óskir héðan.

Hæfileikamótun LH

Tveir félagar okkar voru valdir til þátttöku í hæfileikamótun LH, þau Kristján Fjeldsteð og Svandís Svava Halldórsdóttir. Er hún um það bil að hefjast og ekki að efa það að þau munu eflast sem reiðmenn og styrkjast með þátttöku í þessu ferli.

Beitarmál

Gengið var frá nýjum beitarsamningi við Borgarbyggð í vor til fjögurra ára – var hann nánast eins og sá fyrri. Eitt svæði golfvallarmegin við þjóðveginn var þó tekið út og leigt sérstaklega til einstaklings. Samningaupphæðin er sú sama og Borgarbyggð borgar okkur í styrk, hér er því um bókhaldslegt atriði að ræða. Það fer svo eftir gjaldskrá okkar og fjölda hrossa hvað beitin skilar okkur í tekjum.

Landsþing LH

Landsþingið var haldið í Hveragerði og áttum við þar 6 fulltrúa. Að venju var tekist á um ýmis mál en þetta þing var þó ekkert tímamótaþing. Þó var stofnað til nýrrar keppnisgreinar, gæðingavekurðar og ennfremur samþykkt að í hestafimleium mætti keppa sem sýningargrein þar til búið verður að finnan þeirri grein stað innan LH.

Unglingalandsmót UMFÍ 2027

Á formannafundi UMSB fyrir stuttu var samþykkt að halda unglingalandsmót UMFÍ um næstu verslunarmannahelgi. Þetta getur gefið okkur töluvert í aðra hönd ef félagsmenn leggja gjörva hönd á plóg. En hagnaði mótanna er skipt á félögin í hlutfalli við vinnuframlag á mótinu. Væntanlega verður keppt í hestaíþróttum eins og gert hefur verið á undanförnum mótum flestum. Því er hagnaður fyrir félagið fólginn í því að við komum að sem flestum störfum sem vinna þarf, hvort sem það er í sjoppunni, við hástökkið eða hvað annað sem þarf að vinna.

Lokaorð

Ég hef nú farið yfir helstu atriði í félagsstarfinu á því starfsári sem nú er að ljúka. Ekki þarf að efa það að meira hefði mátt gera og það sem gert var hefði örugglega mátt gera öðruvísi. Ég vil þakka stjórnarmönnum samstarfið á árinu sem og þeim sem unnið hafa fyrir félagið, hvort sem í nefndarstörfum eða á annan hátt liðkað til fyrir starfinu. Ég mun nú láta gott heita af stjórnarsetu og hverf úr þessu embætti sem ég tók að mér í fyrra með stuttum fyrirvara án þess að hafa á það stefnt. Mun ég þó vera tiltækur til starfa þeirra sem eftir verður leitað til mín að vinna og ég hef tækifæri og getu til. Ég óska viðtakandi stjórn farsæls starfs framundan og þakka fyrir mig.